

Áveitan

8. tbl. 4. árgangur. Ágúst 2010

Flóamót í Þjórsárveri

Laugardaginn 28. ágúst fer fram Flóamót Umf. Baldurs, Samhygðar og Vöku í frjálsum íþróttum barna 14 ára og yngri. Mótið er í umsjá Umf. Samhygðar að þessu sinni en mótið fer fram á íþróttavellinum við Þjórsárver sökum lélegra vallaraðstæðna á keppnissvæði Samhygðar við Félagslund. Keppni hefst kl. 13:00.

Flokkaskipting og keppnisgreinar eru sem hér segir:

Hnátur og hnokkar 10 ára og yngri.

60 m, langstökk og 400 m.

Strákar og stelpur 11 til 12 ára.

60 m, langstökk, kúluvarp og 400 m.

Piltar og telpur 13 til 14 ára

100 m, langstökk, kúluvarp og 800 m.

Sameiginlegt lið allra flokka: 10x 60 m boðhlaup.



Nú er um að gera fyrir félögin að safna liði og heyja síðan skemmtilega og spennandi keppni.



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Frá sveitarstjóra

Vinnuskólinn

Vinnu unglinga í Flóahreppi lauk 15. júlí með ratleik, pizzu og pottaferð í Þingborg.

Unglingarnir hafa verið dugleg við snyrtingu á eignum sveitarfélagsins og slátt hjá eldri borgurum sem eftir því hafa óskað.

Krakkarnir hafa staðið sig mjög vel í sumar undir dyggri stjórn flokkstjóranna Hauks Gíslasonar og Birgittu Þóru Sigurðardóttur.

Aðalskipulag Flóahrepps 2006-2018

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur samþykkt tillögu að Aðalskipulagi Flóahrepps í fyrrum Villingaholtshreppi 2006-2018.

Tillagan var til kynningar 1. – 2. mars 2010 sbr. 1. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga og í auglýsingu frá 8. apríl til 21. maí 2010. Frestur til að skila athugasemdum var til 21. maí 2010.

Alls bárust 86 athugasemdir við tillöguna.

Sveitarstjórn samþykkti tillögu að aðalskipulagi ásamt greinargerð og skýringaruppdráttum sem og umsagnir sveitarstjórnar um athugasemdir sbr. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Flóahreppur gegn íslenska ríkinu

Á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps 3. mars 2010 var samþykkt að höfða mál fyrir héraðsdómi til ógildingar á ákvörðun umhverfisráðherra frá 29. janúar 2010 þar sem ráðherra synjaði staðfestingar þeim hluta aðalskipulags Flóahrepps er varðar Urriðafossvirkjun.

Héraðsdómari vísaði málinu frá með vísan til þess að nýtt skipulagsferli væri hafið og var sá úrskurður kærður til Hæstaréttar.

Hæstiréttur hefur úrskurðað í málinu og var málinu vísað aftur til héraðsdóms til efnisdóms.

Neysluvatnslögn

Skrifað hefur verið undir samning við RBG vélaleigu um aðveitulögn fyrir vatnsveitu Flóahrepps. Í verkinu felst að fullgera vatnslögn frá Selfossi að

Pingborg og frá Neistastaðalind að Ruddakróki.
Framkvæmdir eiga að hefjast um mánaðarmótin júlí/ágúst.

Framkvæmdir við skóla

Framkvæmdir við skóla ganga vel, flotun gólfa er búin á aðalrými skólans, bæði efri og neðri hæð. Búið er að mála veggj og aðeins eftir að fara þriðju umferðina þegar lagnavinnu og öðrum frágangi er lokið. Innihurðir eru tilbúnar til uppsetningar og gler verður sett í þær á næstu dögum. Stefán Helgason mun setja upp innréttingar í það húsnæði skólans sem áætlað er að taka í notkun í upphafi skólaárs en hann hefur einnig unnið að breytingum á kennaraaðstöðu í elsta hluta skólans. Jarðvegs- og malbikunurvinnu á verða lokið fyrir mánaðarmót júlí/ágúst og hellulögn er í undirbúningi. Ekki er útséð um að utanhúsklæðning verði komin á fyrir skólabyrjun en þó má gera ráð fyrir því að þær framkvæmdir tefjist. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur samþykkt að taka þátt í kostnaði við þennan seinni áfanga framkvæmda við Flóaskóla. Öllum íbúum sveitarfélagsins verði boðið til vígsluhátíðar í byrjun september og verður það auglýst betur síðar.

Úthlutunarreglur ungmennafélaga Flóahrepps

Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka hafa sett sér samþykktir um úthlutunarreglur vegna samstarfssamnings við Flóahrepp. Reglurnar eru um styrki vegna æfingagjalda, styrki vegna æfinga- og keppnisferða innanlands og utan og þjálfarakostnað. Reglurnar má nálgast í heild sinni á heimasíðu Flóahrepps, www.floahreppur.is, stjórnsýsla, gjaldskrár og samþykktir.

Auglýsingar:

Lokun skrifstofu

Skrifstofa Flóahrepps verður lokuð á föstudögum í sumar til og með 27. ágúst.

Álagningar skrá

Álagningar skrá einstaklinga árið 2010 liggur frammi á skrifstofu Flóahrepps frá 28. júlí til og með 11. ágúst næstkomandi á opnunartíma skrifstofunnar.

Áfangar

Vigdís Tinna Sigurvaldadóttir á Tjörnum Flóahreppi útskrifaðist með BA próf í Lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík þann 19. júní sl. Áveitan óskar Vigdísi Tinnu til hamingju með áfangann.

Tilkynning frá Matvælastofnun

Greinst hefur riða í einni kind á bænum Hurðarbaki í Flóahreppi. Grunur vaknaði vegna sjúkdómseinkenna í kindinni, sýni voru því send að Tilraunastöðinni á Keldum og við greiningu þar var staðfest riða.

Matvælastofnun hefur tilkynnt ráðherra um málið og vinnur að undirbúningi niðurskurðar á fénu á Hurðarbaki og samningsgerð. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um niðurskurð á fé frá öðrum bæjum en Hurðarbaki að svo stöddu.

Sömuleiðis er unnið að gagnasöfnun vegna faraldsfræðirannsóknar. Í því sambandi verða bændur sem eiga fé sem komið hefur í nána snertingu við féð frá Hurðarbaki, beðnir um að gefa frekari upplýsingar. Héraðsdýralæknir mun hafa samband við hlutaeigandi bændur. Tilgangur rannsóknarinnar er m.a. að meta hverjar líkur séu á að riðusmitið hafi borist á aðra bæi og hvaðan smitið geti hafa borist að Hurðarbaki, og meta í kjölfar þess hvort ástæða sé til víðtækari niðurskurðar.

Héraðsdýralæknir hefur sett farbann á fé sem er á Hurðarbaki en ekkert farbann er fyrir aðrar skepnur að og frá bænum. Komi fram kindur frá Hurðarbaki á öðrum bæjum skal láta eigendur vita tafarlaust, þeir munu sækja þær og skrá þær. Aðkomukindur á Hurðarbaki verða kyrrsettar, þeim fargað og þær bætta sem línubrijótar.

Nokkrar kindur frá Hurðarbaki ásamt lömbum þeirra voru fluttar inn á Flóamannaafrétt áður en grunur um riðu vaknaði. Þessum kindum verður smalað með öðru fé í haust og þær dregnar í sérstakan dilk.

Vegna smitvarna leggur héraðsdýralæknirinn áherslu á vegna smitvarna að skv. 4. gr. reglugerðar nr. 651/2001 um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar, er óheimilt að flytja sauðfé til lífs milli bæja á sýktum svæðum, svo sem Flóanum. Einnig er bent á að ekki skal hýsa aðkomufé né fóðra eða brynna því með heimafé.

Mikilvægt er að finna sýktar kindur sem fyrst, til að koma í veg fyrir að riðuveiki breiðist út. Þess vegna eru bændur í Flóahreppi eindregið hvattir til þess að tilkynna héraðsdýralækni um sjálfdaugar fullorðnar kindur, einnig um kindur sem þarf að lóga vegna veikinda eða vanþrifa, svo að héraðsdýralæknirinn geti metið hvort það þurfi að taka heilasýni.

Frekari upplýsingar er að fá hjá Matvælastofnun, sími 530 4800.

Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps

Kæru kvenfélagskonur! Það er komið að hinni árlegu sumarbústaðarferð okkar. Í ár verður farið að Hrollaugsstöðum í Suðursveit og gist þar.

Áætlað er að leggja af stað föstudaginn 27. ágúst ca. kl 15:00 komið heim á sunnudaginn síðdegis. Verði er stillt í hóf og ferðin styrkt af ferðasjóði. Staðfesta þarf bókanir fyrir 15 ágúst í síma 698-1031 og 486-3350 (Ásdís) og 482-1180 og 697 7212 (Magga)

Skemmtinefndin

Frá UMF Baldri

Ekki var mikið starfsemi hjá Umf. Baldri í júlí fyrir utan þetta hefðbundna þ.e.a.s. íþróttæfingar. Þann 17. júlí var þó ungu fólki úr Flóahreppi boðið að koma í Einbúa og tjalda og vera þar eina nótt undir eftirliti. Tókst þetta vel í alla staði. Það voru 12 krakkar sem mættu og var slegið á léttu strengi í alveg hreint frábæru veðri, vel yfir 20°C yfir daginn og líklega um 14 um nóttina. Farið var í fótbolta og einhverja leiki fleiri og skemmt sér fram undir morgun. Sváfu sumir frekar lítið. Eitt er víst að við reynum að gera þetta aftur næsta sumar ef vilji verður hjá ungdómnum.

Svoleiðis er yfir sumarið að hið mikla starf félagsins er í smá sumarfrí í júlí. En í ágúst er komið að Flóamóti og er það í umsjón Samhygðar núna og er auglýst í blaðinu.

Að lokum vil ég bara minna á íþróttæfingarnar sem munu halda áfram eitthvað út ágúst. Frjálsíþróttæfingar á þriðjudögum frá 20:30-22:00, þær verða haldnar fram að Flóamótinu. Og hinsvegar eru það fótboltaæfingarnar sem eru á fimmtudögum klukkan 21:00, þeim verður haldið áfram fram til 26.ágúst sem verður síðasta æfing í sumar.

Kornskurður

Nú líður senn að kornslætti og eru kornbændur hvattir til að huga tímalega að slætti. Sumarið er búið að vera hagstætt til kornræktar og ættu akrar að vera snemma tilbúnir. Sömu sláttumenn verða sem áður hjá Flóakorni, þeir Sigmar Örn Aðalsteinsson sími 696 8653 og Jón Valgeir Geirsson sími 892 9719. Sleppum ekki frá okkur góðum dögum og pantið sláttinn tímalega, sólskinið og blíðan verður kannski ekki endalaust.

Stjórn Flóakorns

Frá Flóaskóla

Það er mikið at í Flóaskóla þessa dagana. Áhersla er nú lögð á lokafrágang nýbyggingar og útisvæðis í kringum hana, auk breytinga á vinnuáðstöðu kennara og kaffistofu í gamla skóla. Skólasetning verður fimmtudaginn 26. ágúst kl. 14.

Foreldrar fá fljótlega sendar upplýsingar um innheimtu vegna námsgagna en það fyrirkomulag verður svipað og sl. haust. Nemendur mæta einungis í skólann með skólatöskur og þurfa auk þess að eiga íþróttaföt og sundföt. Líklegt er að nemendur verði allir beðnir um að vera með inniskó í skólanum þar sem lokafrágangur gólfefna tefst vegna raka í steypu.

Flestir starfsmenn mæta til starfa 19. ágúst og hefja vinnu við skipulag og undirbúning kennslu í nýju húsi. Heilmikil vinna er framundan við flutning á húsgögnum og námsgögnum og verður átak að koma öllu fyrir á réttum tíma. Það er þó mikill spennur í hópnum vegna þessara tímamóta og hafa starfsmenn talað um að vera ánægðir með að fá að vera hluti af þessari miklu og metnaðarfullu þróun í skólanum okkar. 80 nemendur í 1.-9. bekk hafa verið skráðir til náms í vetur og fullmannað er í allar kennarastöður. Foreldrar fá við skólabyrjun upplýsingar um alla kennara og aðra starfsmenn ásamt símaskrá fyrir skólann.

Foreldrar nemenda í 1.-4. bekk eru beðnir um að hafa samband við skólastjóra sem fyrst ef þeir hyggjast skrá börn sín í skólavistun. Ath. að könnun síðan í vor var ekki staðfesting á skráningu.

Þeir sem hafa spurningar varðandi skólabyrjun eru beðnir um að hafa samband við skólastjóra í síma 663-5720 eða netfang kristin@floahreppur.is.

Með von um gott og árangursríkt samstarf á nýju skólaári,
Kristín Sigurðardóttir skólastjóri.
kristin@floahreppur.is , gsm 663-5720.

Frá Umf. Vöku:

Ungmennafélagsreiðtúrinn

Sunnudaginn 29. ágúst verður farið í hinn árlega ungmennafélagsreiðtúr. Hittst verður hjá Þjósárveri kl 13:00 og þaðan riðið Egilsstaðaveginum að eyðibýlinu Þjótanda. Þar er fornleifauppgröftur í fullum gangi en verið er að grafa upp útihús frá 17. öld sem er mjög gaman að sjá. Borðað verður nesti við rústirnar en hver og einn kemur með nesti fyrir sig. Eftir nestisstoppið verður riðið aftur heim, hver sína leið. Vonumst við til að sjá sem flesta og að hrossapestin verði horfin úr sveitinni þegar að þessu kemur.

Skemmtinefndin

Flóamót framundan!

Nú styttest í Flóamótið milli Samhygðar, Baldurs og Vöku. Hvetjum alla foreldra til að keyra börn sín á frjálssíþróttæfingar hjá sínum félögum og undirbúa fyrir skemmtilegt mót.

Æfing fyrir Samhygðar- og Vökumót

Miðvikudaginn 18. ágúst kl. 21 verður hægt að mæta í Þjósárver til að finnúsa atrennuna sína eða smyrja kasthreyfinguna fyrir Samhygðar- og Vökumótið viðfræga.

Íþróttanefnd Vöku.

Gönguferðin á Fimmvörðuháls -ferðalýsing

15 manns allstaðar að úr Flóahreppi og víðar hittust við Þjósárver kl 9 laugardaginn 17. júlí. Farið var á 4 bílum inn í Bása og lagt var af stað í gönguna kl. 11:30. Við gengum Fimmvörðuhálsleiðina yfir Kattarhryggi og að Heljarkambi. Þar var heldur betur á brattann að sækja en allir komust upp mesta brattann. Fyrir okkur opnaðist ný vídd þegar við vorum komin upp því þar blasti við nýtt hraunið og við gengum upp á hraunbrúnina sem í mars var glóandi og ógnvænleg. Mikill hiti var ennþá á svæðinu og við gengum að gígumum tveimur og skoðuðum þá. Á efsta fellinu við hraunið var gífurlegur hiti og okkur leið eins og sólarir væru að bráðna undan skónum okkar. Brennisteinsfílan var megn og við sáum í rauðglóandi kvikuna á einum stað. Við höfðum nestispásu við hraunjaðarinn og hittum þá ekki ómerkari konu en forsetafrú okkar íslendinga sem var þarna á skemmtigöngu ásamt fylgdarliði. Við gengum svólitinn spöl með henni til baka að Heljarkambi en þar skipti hópurinn sér í tvennt. Sumir ákváðu að fara sömu leið til baka og fylgja forsetafrúnni en aðrir ákváðu að steipa sér fram af kambinum og ganga meðfram Hvannárgili niður í Bása aftur. Erfið leið og rosaleg á köflum en gaman að fara hana engu að síður. Á einum stað hafði hraun runnið fyrir

merktu gönguleiðina þannig að fara varð hálfgerðar ófærur fyrir hraunið. Ég held að allir hafi orðið fegnir að sjá loks í Bása en þeir sem fóru Hvannárgilið voru 7 ½ tíma á göngu en þeir sem fóru venjulegu leiðina voru 6 ½ . Þessi ferð var afar vel heppnuð og er þar sérstaklega að þakka veðurlíðunni en það var 20 stiga hiti og logn alla ferðina. Við vonum að þessi ganga verði hvatning fyrir fólk til að stunda frekari göngur og taka þátt í skipulögðum göngum ungmennafélagsins á næstu árum. Fjölmargar myndir af göngunni má sjá á facebook síðu félagsins.

GÓ

Úrslit af mótum í júlí:

Meistarmót Íslands Laugardalsvelli 10.-11. júlí

Haraldur Einarsson	100 m hlaup	7. sæti	11,451 sek
	400 m hlaup	2. sæti	50,59 sek
	200 m hlaup	5. sæti	23,06 sek

MÍ 15-22 ára Kaplakrika 17.-18. júlí

Bjarni Már Ólafsson	Pristökk	1. sæti	13,46 m
	spjótkast	6. sæti	48,90 m
Guðmunda Ólafsdóttir	spjótkast	4. sæti	24,00 m

Akureyrarmót 24.-25. júlí

Haraldur Einarsson	Langstökk	2. sæti	6,20 m
	100 m.	1. sæti	11,50 sek
	200 m.	1. sæti	23,31 sek

Unglingamót HSK Laugarvatni 26. júlí

Guðmunda Ólafsdóttir	Kúluvarp	3. sæti	7,83 m
	Spjótkast	3. sæti	25,14 m
	800 m hlaup	3. sæti	3,00 mín

Þarftu að fara mála húsið eða útihúsin?

Endilega hafið samband

Aðalsteinn Aðalsteinsson

Málarameistari

Sími: 868 6576

Netfang: allimal@simnet.is

Silfurstrákar úr Flóanum ☺

Umf. Selfoss í knattspyrnu var með 2 lið í 4. flokki karla á alþjóðlegu móti í Reykjavík á dögnum, REY CUP 2010.

Í B liði voru 3 þeyjar úr Flóahreppi þeir Arnar Einarsson Urriðafossi, Halldór Bjarnason (markaður) Syðri-Gróf og Víkingur Freyr Erlingsson Vatnsholti. Þeir stóðu sig frábærlega og spiluðu úrslitaleik um 1. sætið í sínum riðli á móti Þór Akureyri. Eftir venjulegan leiktíma var staðan 1-1 og eftir framlengingu var enn jafnt 1-1, þá var vítaspyrnukeppni og marði Þór þá sigur.

Þá var í C liðinu Magnús Öder Einarsson í Halakoti og höfnuðu þeir í 5. sæti í sínum riðli.

Þjálfarinn þeirra Guðmundur Garðar Sigfússon á Selfossi þakkaði strákunum á heimasíðu 4. flokks og sagði þá hafa verið sjálfum sér og foreldrum sínum til sóma.

TIL HAMINGJU STRÁKAR.

Samhygðar- og Vökumót 2010

Samhygðar- og Vökumót verður haldið í umsjá Umf. Samhygðar laugardaginn 21. ágúst. Vegna bágra vallaraðstæðna á íþróttavellinum við Félagslund þá afréð stjórn Samhygðar að fara þess á leit við Umf. Vöku að keppnin færi fram á íþróttavellinum við Þjósárver að þessu sinni. Þeirri málaleitan var vel tekið og fer mótið fram eins og hér segir.

Keppni hefst stundvíslega kl. 13:00 og verða keppnisgreinar með hefðbundnu sniði.

Konur: 100 m, langstökk, hástökk, þristökk, kúluvarp, kringlukast og 800 m.

Karlar: 100 m, langstökk, hástökk, þristökk, kúluvarp, spjót kast og 1500 m.

Að móti loknu verður verðlaunaafhending og kaffi á vellinum eða í í Þjósárveri ef veður eru válynd. Fólk er hvatt til að fjölmenna til að taka þátt í eða fylgjast með spennandi og skemmtilegri keppni.

Pistillinn

Ég lá andvaka eitt kvöldið fyrr í þessum mánuði. Ástæða andvöku minnar var sambland af kvíða og tillhlökkun. Kvíðinn orsakaðist af því að það styttist í að ég myndi kynna ritgerð sem ég hef unnið að síðustu mánuði og ár. Tillhlökkunin var hins vegar vegna þess að ég hlakkaði mikið til að vera búinn með kynninguna og geta snúið mér að öðrum hlutum.

Ég bylti mér nokkra hringi og velti svo fyrir mér hvenær ég hefði byrjað að standa bakvið ræðupúlt frammi fyrir fólki. Jú, gott ef það var ekki á árunum í kringum fermingu, bakvið ræðupúlt sem áritað var UMF Baldur að flytja skýrslu nefndar eða tjá mig um félagsstarfið. Minni félög eins og t.d. ungmennafélögin í Flóahreppi eru ómetanleg. Þar eru einstaklingar hvattir til að taka þátt og læra að taka ábyrgð, sem er mikilvægt í skóla lífsins. Það að fá leyfi til að taka þátt í samfélaginu er tækifæri sem að ekki allir fá að upplifa og eru gríðarleg forréttindi, að skapa eitthvað og hafa hlutverk, styrkir einstakling í því að vera sjálfstæður og hafa trú á sjálfum sér í lífi og starfi. Í slíkum félagsstörfum er það oft og tíðum breiður aldurshópur sem starfar saman. Það er hollt og þroskandi, þeir yngri læra af þeim eldri líkt og trippi sem alast upp í stóði og læra reglur lífsins af reyndari hestum.

Þegar einingarnar eru minni til dæmis skólar og félög er auðveldara að virkja sem flesta, það er allir fá að vera með og hafa hlutverk sem hentar hverjum og einum. . Sú tilfinning að vita, að þú sem persóna skiptir máli í verkinu sem tekið er fyrir hendur hvetur til löngunar að hjálpa til. Allir vinna að sama markmiði og verða því að vinna saman svo hlutirnir gangi upp. Ég er viss um að mörg ykkar kannast við daginn eftir þorablót þegar hist er til að ganga frá og fara yfir atburði næturinnar með bros á vör. Þó að það biði mörg óhrein glös og borð, þá skiptir það ekki máli. Komið er í mark, blótið heppnaðist og markmið náðust og fólk fer að hlakka til næsta þorablóts

Eitt er það sem er minnstætt frá öðru ári í náminu mínu hér í Noregi en þá stóð til að halda skemmtun fyrir deildina mína (Búvísindadeild) og kennara. Áætlað var að þetta yrði um 25 manna samkoma. Bekkjjarfélagi minn sem þá var 22 ára var aðalmaðurinn í að sjá um að panta matinn og var hann alveg gríðarlega stressaður. Það sem þurfti að gera var að panta matinn sem kom tilbúinn á bökkum og raða stólum og borðum. Einnig þurfti að sjá um að biðja tvo einstaklinga að baka tvær kökur. Ekki vil ég gera lítið úr pilti, heldur orsakaðist stressið og kvíðinn hjá honum einfaldlega sökum reynsluleysis. Hann hafði ekki fengið að taka þátt í undirbúningi fyrir hestamannakaffi eða tala nú ekki um að vera með í að sjá um þorablót, þar sem skorið er mat ofan í um og yfir 200 manns og leikþættir hristir fram úr erminni og fluttir fyrir fullan sal af fólki.

Ég fæ alltaf fréttabréfið á tölvutæku formi og næ því að fylgjast með öðru auganu hvað er að gerast í Flóahreppi. Mér finnst gaman að sjá hve blómlegt starfið er í sveitinni. Grunnskólinn virðist dafna vel sem er alveg frábært og margvíslegt félagsstarf í gangi þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Ég hef oft hugsað til þess hve heppinn ég var að vaxa upp í Flóanum. Þar eru margir góðir félagar og vinir sem notalegt er að heimsækja þegar ég stoppa á Íslandi.

Ég hef töluvert verið með hugann hjá Íslendingum sökum erfiðra tíma undanfarið ár. Síðustu misseri hafa tekið á marga. Ég hef unnið á bóndabæ hér í Noregi með náminu og um daginn kom afleysinga dýralæknir til að kíkja á kýr sem að ekki var við góða

heilsu (já, norskar kýr verða líka veikar). Við stumruðum yfir kusu og þá spyr dýralæknirinn mig hvernig aðstæður séu á Íslandi núna, spurning sem að Norðmenn spyrja oft þessa mánuðina. Ég reyni að lýsa aðeins fyrir dýrlækninum hvernig hlutirnir eru heima. Hann er fljótur að segja að það sé nú gott hvað Íslendingar eru harðir af sér. Ég fylltist stolti af minni þjóð og svaraði að úr því að Íslendingar hafi lifað af öll þessi ár, reiknaði ég ekki með því að það yrði breyting þar á. Þetta er kannski sagt á dálítið brattan máta þar sem ég veit að margir hafa átt erfitt síðustu mánuði eða ár. Það er samt tilfellið að trúin á það að ætla sér að komast í gegnum hlutina fleytir manni langt og einnig að standa saman. Einmitt það og að styðja náungann getur hjálpað mikið, en ég veit að Íslendingar hafa verið duglegir að hjálpa hvor öðrum á þessum erfiðu tímum.

Ég vil skora á æskuvinkonu mína Ágústu Tryggvadóttur til að skrifa næsta pistil. Það er gaman frá því að segja að henni kynntist ég þegar við vorum 7 ára er hún flutti í Hraungerðishreppinn. Fljótlega eftir að hún flutti í sveitina hófst með okkur góður vinskapur sem að hefur haldist síðan. Ágústa var ein af þeim sem maður hlakkaði mikið til að hitta í Einbúa á Íþróttæfingum á sumrin og var svo með á hverjum degi í skólanum yfir veturinn. Að eiga slíkan vin sem Ágústu er dýrmætt. Það að láta í ljós gleði sína og væntumþykju erum við mennirnir alltof sparsöm á, og oft ekki gert fyrr en í minningargreinum. Er ekki allt í lagi að fólk fái að vita að það er manni mikilvægt þegar það er meðal vor herna megin. Fyrir mér er það meira virði að eiga vin eins og Ágústu heldur en að keyra um á glæsikagga eða eiga finasta skartið. Það eru keyptir hlutir, góðan vin kaupir maður ekki.

Að lokum vil ég biðja ykkur vel að lifa.

Með hlýrri kveðju frá Noregi, heim í hreppinn minn.

Hrafnhildur Baldursdóttir frá Litla-Ármóti.

Góður árangur í glímu á Unglinglandsmótinu

Samhygð og Vaka áttu þrjá keppendur í glímu á unglínglandsmótinu í Borgarnesi sem fór fram um Verslunarmannahelgina. Krakkarnir náðu frábærum árangri sem var sem hér segir.

Marín Laufey Davíðsdóttir Umf. Samhygð sigraði í stelpnaflokki 15-16 ára með 4 vinninga og hafnaði í 2. sæti í flokki 17-18 ára stelpna með 1 vinning en þar keppti hún upp fyrir sig.

Þorgils Kári Sigurðsson Umf. Vöku keppti flokki 11-12 ára stráka og sigraði þar með 4 og hálfan vinning. Jón Gunnþór Þorsteinsson Umf. Samhygð keppti í sama flokki og hafnaði í 3. sæti með 2 og hálfan vinning.

Sannarlega góður árangur hjá krökkunum.

Þjálfari

Ferð eldri borgara

Fyrirhuguð er ferð eldri borgara í Flóahreppi um miðjan ágúst. Hugmynd er um tvo möguleika eftir veðri, Vestmannaeyjar eða Borgarfjörð. Ferðin er í boði kvenfélaganna þriggja. Þátttaka tilkynnist til Rósu s: 482-1923

Margrétar s: 486-3393

Aðalheiðar s: 486-3305

Dagskrá mánaðarins:

Frjálsar og fótbolti í Þjórsárveri	5. ágúst
Fótbolti fyrir alla í Einbúa	5.ágúst
Frjálsíþróttæfing í Einbúa	10.ágúst
Fótbolti fyrir alla í Einbúa	12.ágúst
Frjálsar og fótbolti í Þjórsárveri	12. ágúst
Síðasti skráningardagur í ferð Kvenfélags Hraungerðishr.	15.ágúst
Frjálsíþróttæfing í Einbúa	17.ágúst
Fótbolti fyrir alla í Einbúa	19.ágúst
Æfing fyrir Samhygð Vöku í Þjórsárveri	18. ágúst
Frjálsar og fótbolti í Þjórsárveri	19. ágúst
Samhygð-Vaka	21 ágúst
Frjálsíþróttæfing í Einbúa	24.ágúst
Fótbolti fyrir alla í Einbúa	26.ágúst
Frjálsar og fótbolti í Þjórsárveri	26. ágúst
Flóamót	28. ágúst
Ferð Kvenfélags Hraungerðishrepps	27-29.ágúst
Reiðtúr Umf. Vöku	29. ágúst



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160